



Um ráðherrabreytingar: Guðmundur Í. Guðmundsson hættir í ágúst 1965

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Forsætisráðherra – Ríkisstjórnarmálefni – Guðmundur Í.
Guðmundsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-32, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíku

Á ríkisráðsfundi hinn 31. ágúst s.l. var utanríkisráðherra Guðmundi Í. Guðmundssyni veitt lausn frá embætti samkvæmt eigin ósk. Í stað hans var ráðherra Emil Jónsson skipaður utanríkisráðherra og alþingismaður Eggert G. Þorsteinsson skipaður ráðherra til að fara með þau störf, sem Emil Jónsson hafði þangað til haft með höndum.

Ég þakka Guðmundi Í. Guðmundssyni ágætt samstarf og öll hans störf í ríkisstjórninni á undanförunum árum og býð Eggert G. Þorsteinsson velkominn til starfa.

Drátt fyrir þessi manaskipti og þau, sem áður hafa orðið, er ríkisstjórnin enn hin sama og skipuð var hinn 20. nóvember 1959, samsteypustjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Þegar sú ríkisstjórn var mynduð gaf þáverandi hæstvirtur forsætisráðherra, Ólafur Thors, stefnuyfirlýsingu fyrir stjórnarinnar hönd.

Meginstefna ríkisstjórnarinnar er enn hin sama og þar var lýst:

að tryggja heilbrigðan grundvöll ~~grundvöll~~ efnahagslífsins svo að framleiðsla aukist sem örast, atvinna haldist almenn og örugg og líf skjör geti farið enn batnandi.

Til þess að þetta náist þarf að gæta þess, að viðunandi greiðslujöfnuður haldist við útlönd ásamt nægilegum gjaldeyrissjóði, enda er það forsenda frjáls innflutnings og lánsstrausts þjóðarinnar erlendis. Ennfremur þarf að tryggja, að framkvæmdir fari ekki

fram úr sparnaði þjóðarinnar og notkun erlends lánsfjár til langs tíma og að hækkun kaupgjalds sé í samræmi við framleiðniaukningu og verðhækkanir á íslenskum útflutningsvörum erlendis. Jafnframt verður að hafa greiðsluhallalausán ríkisbúskap og halda aukningu útlána banka innan hæfilegra takmarka.

Þá mun ríkisstjórnin og beita sér fyrir, að sett verði lög um verðtryggingu fjárskuldbindinga, þ.e. sparifjár og lána til langs tíma.

Til þess að draga úr hættunni á áframhaldandi kapphlaupi á milli kaupgjalds og verðlags, leggur ríkisstjórnin áherzlu á málefnalegt samstarf við almannasamtök í landinu, jafnt innan einstakra atvinnugreina og við stéttarfélag verkalyðs og vinnuveitenda. Vinna ber að því að þessi samtök nái sem víðtækustum samningum um ágreiningsmál sín.

Þ.á.m. verði reynt að endurvekja samstarf framleiðenda og neytenda um ákvörðun búvöruverðs. Gerð verði gangskör að því að kanna með hverjum hætti íslenskur landbúnaður geti bezt séð þjóðinni fyrir landbúnaðarvörum með sem minnstum tilkostnaði, framleitt samkeppnishæfar vörur til útflutnings og tryggt bændum viðunandi líf skjör.

Á meðal skilyrða þess, að friður ríki milli stétta og hagsmunahópa, er, að fyrir hendi séu hlutlausar upplýsingar um ágreiningsefnin og mun ríkisstjórnin stuðla að nauðsynlegum rannsóknum og fræðslu með þeim hætti, að

samtök aðila telji sig mega treysta því, að rétt sé með farið.

Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir að stofnað verði hagráð, skipað fulltrúum stjórnvalda, þ.á.m. samtaka sveitarfélaganna, atvinnuvega, launtaka og vinnuveitenda. Hagráð ræði ástand og horfur efnahagsmála og meginstefnur í þeim málum og fái til umsagnar þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir. Sérstakar áætlanir verða gerðar um framkvæmdir í einstökum landshlutum svipað og unnið er að fyrir Vestfirði nú.

Ríkisstjórnin leggur áherzlu á, að haldið verði áfram framkvæmdum um þá vinnuhagræðingu, sem hafin er í landinu til þess með þeim hætti að bæta samkeppnisaðstöðu atvinnuveganna. Í sama tilgangi mun ríkisstjórnin styðja framkvæmdir og endurbætur, er miða að því að auka afköst og bæta nýtingu íslenzkrar efnivöru.

Ríkisstjórnin vill stuðla að því, að raunhæf verði sú stytting vinnutímans, sem kaupgjaldssamningar á s.l. sumri stefndu að, og beita sér fyrir nauðsynlegri lagasetningu í því skyni í samráði við aðila. Jafnframt verði athugað að setja reglur um orlof í samræmi við það, sem nú tíðkast á hinum Norðurlöndunum.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir endurbótum á löggjöf um aðstoð við húsbyggingar og framkvæmdum í þeim efnum í samræmi við yfirlýsingu sína hinn 9. júlí s.l.

Stefnt verður að því að koma á staðgreiðslu-kerfi skatta á árinu 1967. Hert verður á tollgæzlu og skattaeftirliti til þess að skatt- og tollheimta gangi jafnt yfir alla. Sett verður á stofn sérstök hagsýsludeild í fjármálaráðuneytinu til þess að tryggja sem best hagsýni og ráðdeild í meðferð opinbers fjár.

Ríkisstjórnin hefur látið semja greinargerð um möguleika á lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn og mun undirbúningi þeirrar réttarbótar haldið ósleitilega áfram.

Fyrirhugað er að leggja Framkvæmdabankann niður en styrkja um leið stofnlánasjóði atvinnuveganna, koma á hagkvæmari skipan þeirra sjóða og banka, sem fást við veitingu framkvæmdalána, og stofna framkvæmdasjóð strjálbýlisins. Unnið er að því að koma upp nýjum atvinnugreinum, kísilgúrvinnslu við Mývatn og aluminiumvinnslu í sambandi við virkjun Þjórsár. Enn er þó ekki sýnt, hvort samningar takast um þessi mikilsverðu mannvirki og mun Alþingi jafnóðum látið fylgjast með málum, enda er ákvörðunarvaldið um þau í þess höndum.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir setningu laga um eignar- og afnotarétt fasteigna.

Ráðgerð er heildarendurskoðun á þeim þáttum skólalöggjafarinnar, sem ekki hafa verið endurskoðaðir á undanförunum árum, í þeim tilgangi að laga námsefni og skipulag skólanna að breyttum þjóðfélagsháttum, setja nýjar og einfaldari reglur um samskipti ríkis og sveitarfélaga um stofnun og rekstur skóla og endurskipuleggja yfirstjórn fræðslumála. Teknar verða upp skipulegar, vísindalegar rannsóknir í skóla og uppeldismálum. Samin verður framkvæmdaáætlun um skólabyggingar á næstu árum og verður þar stefnt að því að fullnægja með skipulegum hætti þörf fyrir skólahúsnæði á öllum skólastigum. Gerð verður áætlun um eflingu íslenzkra rannsókna, bæði í raunvísindum og hugvísindum. Sérstök athugun mun fara fram í samráði við háskólaráð á nauðsynlegri eflingu Háskóla Íslands á næstu árum.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að sett verði ný löggjöf um iðnfræðslu.

Ríkisstjórnin mun eftir því sem frekast gefst færi til halda áfram að vinna að viðurkenningu annarra ríkja á rétti Íslands til landgrunnsins alls sbr. ályktun Alþingis 5. maí 1959.

Kannað verður til hlítar, hvort rétt sé, að Ísland gerist aðili að Fríverzlunarbandalagi Evrópu (EFTA) og mun Alþingi látið fylgjast með athugun málsins.

Í utanríkismálum mun ríkisstjórnin enn sem
fyrr taka heilshugar þátt í starfi Samein-
uðu þjóðanna, norrænni samvinnu og friðar-
vörzlu Atlantshafsbandalagsins.